

Kópavogsbær
Fannborg 4
200 KÓPAVOGUR

Garðabær, 19. júlí 2023
Málsnúmer: 202307-0003
SS

Efni: Umsögn um breytt deiliskipulag fyrir Fornahvarf 10 í Kópavogsbæ.

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 3. júlí 2023, þar sem skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Fornahvarf 10.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um byggingarleyfi vegna áformaðrar uppbyggingar á lóðinni þann 9. júní 2023. Athugasemdir þær sem komu fram í þeirri umsögn eiga einnig við í umsögn um deiliskipulagið en þær voru eftirfarandi:

Lóðin er að stórum hluta staðsett innan afmörkunar svæðis á nágildandi náttúruminjaskrá, C-hluta, en það er svæðið “Elliðaárdalur”. Á þessum hluta svæðisins eru það einkum Elliðaár og nánasta umhverfi hennar sem fellur undir afmörkunina. Það eru því fyrst og fremst áhrif áætlaðrar uppbyggingar á Elliðaánnar sem huga þarf að, sem og annað lífríki/náttúrufar eins og við á.

Stefnt er að töluverðri aukningu/stækkun á byggingum inni á lóðinni en byggingarmagn mun þrefaldast og m.a. nýjar byggingar rísa þar sem í dag er óbyggt svæði. Það á einkum við um vinnustofuna og stækkun íbúðarhússins til norðausturs, sem og tilfærsla/stækkun á bílastæði. Þessi nýja uppbygging mun fara fram á þegar röskuðum svæðum eða svæðum þar sem gróðurþekja er að hluta til manngerð (plöntuð tré t.d.) og verndargildi gróðurfars innan lóðar því ekki metið hátt.

Ekki er stefnt að neinni uppbyggingu í meiri nánd við Elliðaánnar en þau mannvirki sem þar eru í dag en bílastæðið mun færast eilítið nær ánni en þó vera fjær en aðkomuvegur er í dag. Ólíklegt er því að uppbyggingin muni hafa áhrif á ánnar. Aukin umferð getur þó valdið truflun fyrir t.d. fuglalíf sem er töluvert við ánnu og á votlendissvöðum vestan og austan við lóðina.

Umferð inn á svæðið mun væntanlega aukast bæði á framkvæmdatíma og væntanlega með auknum umsvifum. Tryggja þarf að aðstæður við efnisflutninga og þungaumferð skapi ekki neina hættu á að mengun berist í Elliðaánnar.

Ekki virðist fjallað um fráveitu eða hvort gera þurfi ráðstafanir í ljósi þess að sundlaug og heitur pottur verða byggð á svæðinu. Tryggja þarf að mengað eða of heitt vatn berist ekki í Elliðaánnar frá lóðinni.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagið.



Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026

